

## Rúmfræði, líkinda- og viðskiptareikningur

Viðfangsefni áfangans eru rúmfræði með teikningum, tölfræði, líkindareikningur og viðskiptareikningur. Grundvallarhugtök í evklíðskri rúmfræði, mælingar í rúmfræði og mikilvægi nákvæmni. Grunnatriði tölfræði og líkindareiknings. Myndrit, meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi, meðalfrávik, staðalfrávik, einföld líkindi o.fl. Talningaraðferðir, flokkun gagnasafna og framsetning niðurstaðna. Viðskiptareikningur: Prósentur, álagning, afsláttur, virðisaukaskattur, vextir, vísitölur o.fl.

### Þekkingarviðmið

#### Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Grundvallarhugtökum og reglum í evklíðskri rúmfræði, tölfræði, líkindareikningi og viðskiptareikningi

### Leikniviðmið

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Setja fram lausnir á táknmáli stærðfræðinnar
- Leysa rúmfræðileg verkefni
- Flokka talnasöfn, lesa úr myndritum og skýra einkennastærðir talnasafna
- Setja upp og túlka gögn á myndrænu formi
- Reikna einföld líkindi atburða og meta áhættu við ákvarðanatöku
- Reikna prósentur, vexti og vísitölur

### Hæfniviðmið

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skrá lausnir sínar skipulega, ræða þær við aðra og útskýra
- Átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu á tölulegum viðfangsefnum
- Vega og meta tölulegar upplýsingar á gagnrýninn hátt
- Skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau

### Námsmat:

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og sjálfstæð vinnubrögð. Vinna nemenda í kennslustundum er metin, lögð eru fyrir hlutapróf og verkefni.

Um símatsáfangana er að ræða. Í því felst að gerðar eru kröfur til nemenda yfir önnina hvað varðar mætingu og ástundun. Tekin eru kaflapróf (5 talsins) og skal meðaeinkun vera að meðaltali hærri en 6 og er vægi þeirra jafnt, 15% hvert (samaltals 75%), auk skilaverkefna sem gildir 5% af lokaeinkunn. Kennaraeinkunn (þátttaka og ástundun) gildir 20% af lokaeinkunn.